

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMUR

Garðabær, 28. júní 2024
Málsnúmer: 202406-0007
SS/BK

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag á vinnslustigi fyrir Vigrholt.

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 5. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi um nýtt deiliskipulag fyrir fyrirhugaða frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun og þjónustu á Saurum 9 eða Vigrholti.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna tengdrar tillögu að aðalskipulagsbreytingu þann 15 mars 2024. Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi staðsetningu fyrir svo umfangsmikla uppbyggingu sem áformuð væri óheppilega þar sem um að mestu óraskað svæði væri að ræða sem einkenndist af verðmætum vistgerðum og miklu fuglalífi og væri jaðarsvæði við strandsvæði sem tilheyrðu verndarsvæði Breiðafjarðar. Svo mikilli uppbyggingu myndi óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á ósnortnu landi ríku af náttúruminum. Jafnframt var bent á að þörf væri á nákvæmari kortlagningu vistgerða, sérstaklega votlendi sem líklega væri vanmetið á svæðinu miðað við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar, sem og úttekt á fuglalífi svæðisins.

Þessar ábendingar eiga enn við þar sem ljóst er að áformin sem kynnt eru í deiliskipulagstillögunni fela áfram í sér mjög mikla uppbyggingu á þessu lítt snortna svæði. Ekki virðist hafa farið fram ítarlegri greining á náttúrufari svæðisins nema að mjög takmörkuðu leyti. Fram kemur í greinargerð tillögunnar að lágmarka eigi rask á kjarri og votlendi og að taka eigi mið af fuglalífi svæðisins m.a. með því að forðast þungar framkvæmdir á varptíma. Þessir skilmálar eru ágætir í sjálfu sér en breyta því ekki að mikið og óafturkræft rask og uppbrot verður á samfelldu svæði lítt snortinna vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla. Þá eykst álag á og rýrnar gæði t.d. votlendissvæða við umfangsmikla uppbyggingu í nágrenni þeirra en byggingarreitir eru staðsettir mjög þétt upp við helstu votlendisreiti svæðisins eins og sést vel á uppdrætti deiliskipulagstillögunnar. Hætta er á að við framkvæmdir og á rekstrartíma muni t.d. vatnsgæði og vatnsbúskapur votlendisins rýrna og nálægð við umferð og athafnir munu fæla frá fuglategundir sem eru viðkvæmar fyrir slíku.

Ekki er stefnt að því að raska strandlínu vegna verndunar Breiðafjarðar. Það er jákvætt en uppbygging verslunar og þjónustu þ.m.t. hótels verður staðsett mjög nálægt viðkvæmum strandsvæðum þar sem eru fjöru- og strandvistgerðir með hátt verndargildi t.a.m. sjávarfítjar. Þó beint rask verði ekki á þeim mun álag og hætta á mögulegu raski aukast til muna með svo mikilli uppbyggingu og starfsemi í næsta nágrenni. Gæði svæðisins sem búsvæði fyrir fugla t.d. á fartíma mun væntanlega rýrna. Huga þarf mjög vandlega að þessu atriði við framkvæmd og starfsemi hótelsins og annarrar þjónustu á svæðinu.

Í ljósi þessa er Náttúrufræðistofnun enn á þeirri skoðun að hlífa hefði átt svæðinu fyrir þessari uppbyggingu. Skammt fyrir sunnan skipulagssvæðið er stefnt að stækkun frístunda- og



íbúðarbyggðar þar sem heitir Birkilundur. Samtals mun því mikil aukning verða á uppbyggingu með tilheyrandi raski og umferð á svæðinu. Mikilvægt er að skoða samlegðaráhrif af þessari samhliða uppbyggingu tveggja aðliggjandi svæða. Í Birkilundi er þó frístundabyggð fyrir og því um mun minna inngríp að ræða þar en í þessari deiliskipulagstillögu þar sem svo mikið af ósnortnu, nýju landi verður tekið undir nýja byggð.

Tekið er undir góðar ábendingar í umsögn Breiðafjarðarnefndar frá 28. júní 2024 um deiliskipulagstillöguna. Sérstaklega að meta þurfi betur sjónræn áhrif framkvæmda á landslag skipulagssvæðisins og að orðalag, um hvernig starfsemi hótels, baðlóns og íbúða- og frístundabyggðar skuli leitast við að lágmarka truflun og neikvæð áhrif á lífríki Vigrarfjarðar sem tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar, sé óljóst og að kveða þurfi með skýrari hætti í hverju það muni felast. Þá er síðasta ábending í umsögn Breiðafjarðar um þau mögulegu langtímaáhrif sem svo viðamikil breyting á svæðinu mun fela í sér afar mikilvæg og tekur Náttúrufræðistofnun undir hana að fullu.

Þegar unnið er að skipulagi sem felur í sér mikið rask á lítt snortnu landi líkt og á við um þessa tillögu er mikilvægt að sveitarfélög skoði vandlega hvernig skipulagsákvæðanir tryggja gott jafnvægi milli nýtingar og verndunar þegar kemur að mikilvægum vistkerfum svo sem votlendi, birkiskógum, fjörusvæðum o.fl. sem og búsvæðum fugla og annarra lífvera sem sameiginleg ábyrgð okkar er að tryggja til framtíðar. Sveitarfélagið Stykkishólmur er því hvatt til þess að kanna hvaða kostir eru í stöðunni fyrir verndun og endurheimt sambærilegra vistkerfa og búsvæða innan sveitarfélagsmarka sem mótvægi við þeim neikvæðu áhrifum á lífríki sem þessi deiliskipulagstillaga mun fela í sér, ef af henni verður í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

